

Sögugerð: Þrep 3

(3.–4 .bekkur)

UPPBYGGING TEXTA				
		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Lengd texta	1	Texti inniheldur sex eða færri málsgreinar.	Texti inniheldur sjö til níu málsgreinar.	Texti inniheldur tíu málsgreinar eða fleiri.
Efnisgreinar	2	Texta er ekki skipt upp í efnisgreinar.		Texta er skipt upp í efnisgreinar.
Málsgreinar	3	Upphaf og lengd málsgreina er einhæf.	Upphaf eða lengd málsgreina er fjölbreytt.	Upphaf og lengd málsgreina er fjölbreytt.
Tengiorð	4	Eitt tengiorð er notað.	Tvö til þrjú mismunandi tengiorð eru notuð.	A.m.k. fjögur mismunandi tengiorð eru notuð.
Greinarmerki	5	Greinarmerkjasetning við ritun beinnar ræðu er sjaldnast rétt eða ekki notuð.	Greinarmerkjasetning við ritun beinnar ræðu er yfirleitt rétt.	Greinarmerkjasetning við ritun beinnar ræðu er rétt.
Athugasemdir				

UPPBYGGING TEXTATEGUNDAR				
		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Heiti	6	Heiti vantar á söguna.	Sagan hefur heiti sem er almenns eðlis og/eða fengið að láni.	Sagan hefur heiti sem tengist meginefni hennar.
Kynning	7	Einhver sögupersóna eða hlutverk hennar er nefnt.	Helstu sögupersónur eða hlutverk þeirra eru nefnd.	Helstu sögupersónur eru kynntar.
	8	Sögusvið kemur ekki fram.		Sögusvið kemur fram.
Flækja	9	Engin atburðarás er merkjanleg.	Atburðarás er merkjanleg.	Atburðarás er skýr.
Lausn	10	Lausn vantar á atburðarás.		Atburðarás felur í sér lausn.
Athugasemdir				

MÁLNOTKUN				
		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Málfar	11	Málfar er í slakara lagi og að nokkru leyti í samræmi við reglur málfræðinnar. ☐	Málfar er yfirleitt gott og að mestu leyti í samræmi við reglur málfræðinnar. ☐	Málfar er gott og í samræmi við reglur málfræðinnar. ☐
Viðfangsefni, tilgangur og viðtakandi	12	Málsnið tekur að litlu leyti mið af viðfangsefni, tilgangi og viðtakanda. ☐	Málsnið tekur að mestu leyti mið af viðfangsefni, tilgangi og viðtakanda. ☐	Málsnið tekur mið af viðfangsefni, tilgangi og viðtakanda. ☐
	13	Nauðsynlegar upplýsingar skortir til að viðtakandi geti fylgt eftir söguþræði og efni texta. ☐	Nauðsynlegar upplýsingar eru yfirleitt veittar til að viðtakandi geti fylgt eftir söguþræði og efni texta. ☐	Nauðsynlegar upplýsingar eru veittar til að viðtakandi geti fylgt eftir söguþræði og efni texta. ☐
	14	Skortur er á samræmi í notkun sjónarhorns innan frásagnar. ☐	Samræmi í notkun sjónarhorns innan frásagnar er yfirleitt til staðar. ☐	Samræmi er í notkun sjónarhorns innan frásagnar. ☐
	15	Notkun tíðar í frásögn er að einhverju leyti rökrétt. ☐	Notkun tíðar í frásögn er að mestu leyti rökrétt. ☐	Notkun tíðar í frásögn er rökrétt. ☐
Orðaval	16	Orðaval er fábreytt sem felur meðal annars í sér skort á notkun lýsingarorða og lýsandi samheita sagnorða og nafnorða. ☐	Orðaval er nokkuð fjölbreytt sem felur meðal annars í sér notkun lýsingarorða og lýsandi samheita sagnorða og nafnorða. ☐	Orðaval er fjölbreytt sem felur meðal annars í sér notkun lýsingarorða og lýsandi samheita sagnorða og nafnorða. ☐
Athugasemdir				

SKRÁNING				
		Þarfnast þjálfunar	Á góðri leið	Viðmiði náð
Stafsetning	17	Orð, þar sem framburður og ritháttur fara ekki saman, eru stundum rituð rétt þar sem stuðst er við einfaldar rithefðir. ☐	Orð, þar sem framburður og ritháttur fara ekki saman, eru yfirleitt rituð rétt þar sem stuðst er við einfaldar rithefðir. ☐	Orð, þar sem framburður og ritháttur fara ekki saman, eru rituð rétt þar sem stuðst er við einfaldar rithefðir. ☐
Skrift	18	Skrift er stundum læsileg þannig að merking texta kemst stundum til skila. ☐	Skrift er yfirleitt læsileg þannig að merking texta kemst yfirleitt til skila. ☐	Skrift er læsileg þannig að merking texta kemst til skila. ☐
Athugasemdir				